

Alþingi
Erindi nr. P 131/486
komudagur 6.12.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2004

Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um „tryggan lágmarkslífeyri“, þskj. 8 – 8. mál.

Sjálfsbjörg, lsf. lýsir yfir fullum stuðningi við ályktunina en bendir á að grunnlífeyrir örorku- og ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins er nú þegar undanþegin tekjutengingu við lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum launafólks.

Jafnframt viljum við nota tækifærið og koma á framfæri ályktun frá þingi Sjálfsbjargar, lsf. sem haldið var í maí 2004 um að hafin verði endurskoðun laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og nr. 118/1993 um félagslega aðstoð. Hún er svohljóðandi, ásamt greinargerð:

32. þing Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra haldið á Flúðum dagana 14. -16. maí 2004 beinir þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að þegar verði teknar upp viðræður og samstarf við hagsmunasamtök fatlaðra um endurskoðun almannatryggingalaganna. Sett verði skýr markmið um þann tíma sem slík endurskoðun eigi að taka. Jafnframt verði stefnt að því að tillögur til breytinga miðist við að á t.d. þremur til fjórum árum hækki örorkubætur þannig að í lok tímabilsins nái þær a.m.k. 80% af meðallaunum verkamanns.

Greinargerð:

Á síðastliðnu ári náðist sá ánægjulegi áfangi að Öryrkjabandalag Íslands fyrir hönd hagsmunasamtaka fatlaðra og stjórnvöld gerðu samning um aldurstengda hækkun örorkulífeyris. Því miður slitnaði upp úr því samstarfi vegna meintra vanefnda ríkisstjórnarinnar. Slíkur atburður má þó ekki verða til þess að gefist sé upp á að ná víðtækri sátt um hvernig færa megi hagsmuna- og réttindamál fatlaðra til betri vegar. Í nýlegum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins og með aðkomu ríkisvaldsins var m.a. stórauðinn lífeyrisréttur fólks. Það hefur í för með sér að á komandi árum munu útgjöld ríkisins vegna elli- og örorkulífeyris verða minni. Því er óneitanlega lag að leiðrétta kjör þeirra sem minnst hafa. Það verður að vera sameiginlegt markmið stjórnvalda og hagsmunasamtaka fatlaðra að koma öryrkjum úr þeirri fátæktargryfju sem margur hver er í. Annað er ekki sæmandi einni ríkustu þjóð veraldar.

F.h. Sjálfsbjargar,
landssambands fatlaðra,

Sigurður Einarsson
framkvæmdastjóri